

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Prófblað 2 af 2

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Félagaréttur (30%)

ATH. Prófið er tvískipt: Sjá sérstakt prófblað vegna, Viðfangsefni úr fjármunarétti (70%)

Prófdagur: 4. nóvember 2009

Kl.: 17.15- 21.15

Úrlausnartími: 4 klst.

Prófbloð: 4 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir

Fylgibloð: Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Krossaspurningum skal svarað á prófblaðinu sjálfu.

Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvísvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGAUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

I. Hluti (12%)

Með hf. er átt við hlutafélög önnur en þau sem starfa skv. lögum um fjármálafyrirtæki.

Athugið eftirfarandi:

- Að vægi hvers liðar er jafnt (0,5%).
- Að dregið er frá 0,25% fyrir hvert rangt svar.
- Ef þið takið ekki afstöðu til fullyrðingar telst svarið hvorki rétt né rangt.
- Lesið spurningarnar vandlega yfir áður en þið merkið við.
- Einungis eitt svar er rétt í hverri spurningu.

1. Lögaðili er ávallt félag

- () Rétt
() Rangt

2. Lögaðila ber að skrá hjá hagstofu

- () Rétt
() Rangt

3. Félagafrelsi má þrengja með almennum lögum

- () Rétt
() Rangt

4. Félag snýst ávallt um fjárhagslegan tilgang

- () Rétt
() Rangt

5. Fyrirtæki getur verið rekið sameiginlega af einstaklingi og félagi

- () Rétt
() Rangt

6. Firma merkir heiti eða nafn

- () Rétt
() Rangt

7. Ritun firma er það sama og að gangast í ábyrgð fyrir félag

- () Rétt
() Rangt

8. Skammstöfun fyrir félagsform lýsir m.a. ábyrgðargrundvellingnum

- () Rétt
() Rangt

9. Eign í samvinnufélagi gengur í erfðir

- () Rétt
() Rangt

10. Hlutafélag (hf.) þarf að lágmarki að hafa fjóra hluti

- () Rétt
() Rangt

11. Eitt meginmarkmið laga um hlutafélög var að auðvelda aðgang að arði.

- () Rétt

() Rangt

12. Skráning hlutafélags í hlutafélagaskrá þýðir að stofnsamningur hefur verið undirritaður.

() Rétt

() Rangt

13. Óskráð hlutafélag í hlutafélagaskrá getur verið aðili að samningi

() Rétt

() Rangt

14. Skýlt er gefa út hlutabréf (pappír eða rafræn) í ehf

() Rétt

() Rangt

15. Aðalfund verður að halda ef 10% hluthafa krefst þess.

() Rétt

() Rangt

16. Meðal verkefna hluthafafundar er að kjósa fjármálastjóra.

() Rétt

() Rangt

17. Hluthafar geta greitt atkvæði t.d. með því að rétta ekki upp hendi.

() Rétt

() Rangt

18. Meirihlutakosningu skal viðhafa ef samþykktir mæla svo fyrir

() Rétt

() Rangt

19. Helmingur stjórnar hlutafélags getur ritað firma ef samþykktir félagsins gera ekki ráð fyrir að fleiri stjórnarmenn þurfi til.

() Rétt

() Rangt

20. Varamaður stjórnarmanns á ávallt atkvæðisrétt á stjórnarfundi.

() Rétt

() Rangt

21. Stjórnarmaður í hf. skal vera með hreint sakavottorð.

() Rétt

() Rangt

22. Framkvæmdastjóri (í hf.) hefur alla jafna rétt til setu á stjórnarfundum

() Rétt

() Rangt

23. Arð má greiða af hagnaði síðustu þriggja ára fyrir þann aðalfund þar sem arðsúthlutun er ákveðin.

() Rétt

() Rangt

24. Hlutafélag hefur ávallt kaupskyldu á hlutum í félaginu við andlát hluthafa

() Rétt

() Rangt

II. Hluti (18%)

Athugið að úrlausn skal skrifuð á sérstaka próförk sem merkt skal prófnúmeri próftaka.

1. Ræðið þýðingu ákvæða um tilgang félags, m.a. með tilvísun til dóma (6%)
2. Gerið grein fyrir a.m.k. tveimur lögmætum leiðum til þess að greiða fjármuni úr hlutafélagi til hluthafa og þeim takmörkunum sem við slíku eru sett. Ræðið ástæður fyrir takmörkunum (12%)